

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. apríl 2025 í máli nr. 149/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 1. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („nefnd kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að rafhlaupahjól sem hann keypti af varnaraðila sé haldið galla og krefst þess að kaupunum verði rift og að varnaraðila verði gert að endurgreiða kaupverðið að fullu. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 1. nóvember og 19. desember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 17. febrúar 2025. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 20. febrúar 2025 og athugasemdir varnaraðila þann sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, reikningur varnaraðila, dags. 31. október 2023, raðgreiðslusamningur sóknaraðila við [...] vegna kaupanna, ljósmyndir af söluhlutum og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 29. apríl 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á rafhlaupahjóli af gerðinni [...] ásamt vatnsvörn og ýmsum aukahlutum af varnaraðila þann 31. október 2023 og greiddi 219.855 krónur fyrir. Að sögn sóknaraðila fór að bera á bilun í skjá hjólsins í júní 2024 sem hafi haft það í för með sér að ekki hafi verið unnt að nota það. Greinir aðila á um orsök bilunar. Af framlögðum skriflegum samskiptum milli aðila verður ráðið að varnaraðili bauðst til að panta nýjan skjá á hjólið sem sóknaraðili þáði. Við afhendingu varahlutarins var sóknaraðila gert að greiða 12.000 krónur fyrir hann. Hafnaði sóknaraðili því og krafðist endurgreiðslu kaupverðs en varnaraðili féllst ekki á það.

Sóknaraðili byggir á því að skjár rafhlaupahjólsins hafi ekki verið nægilega innsiglaður og hann hætt að virka í júní 2024 vegna vatnsskemmda. Kveðst sóknaraðili hafa greitt varnaraðila fyrir að vatnsverja hjólið við kaupin og því hafi skemmdirnar komið sóknaraðila á óvart. Kveðst sóknaraðili hafa upplýst varnaraðila um ágallana en fengið þau svör að framleiðandi hjólsins hafi hætt framleiðslu þess og að erfitt yrði að finna nýja varahluti en að málið yrði þó skoðað. Hafi sóknaraðili ítrekað erindi sitt nokkrum sinnum um þriggja mánaða skeið en án fullnægjandi svara af hálfu varnaraðila. Að lokum hafi sóknaraðili óskað eftir endurgreiðslu

kaupverðs eða nýrri afhendingu. Hafi varnaraðili ekki fallist á þær kröfur og haldið því fram að skjárinn væri ekki lengur í ábyrgð. Í byrjun október 2024, eða um fimm mánuðum eftir að bilun hafi uppgötvast, hafi varnaraðili síðan upplýst sóknaraðila að tekist hafi að fá nýjan skjá á rafhlaupahjólíð. Þegar sóknaraðili hafi mætt með hjól sitt til viðgerðar hjá varnaraðila hafi hann verið upplýstur um að honum yrði gert að greiða fyrir viðgerðina og varahlutinn. Þá hafi sóknaraðili auk þess fengið upplýsingar um að varahluturinn kæmi frá öðrum en framleiðanda hjólsins.

Sóknaraðili telur að rafhlaupahjólíð hafi verið haldið verulegum galla við kaupin í samræmi við ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi einkum til a. liðar 2. mgr. 16. gr. laganna. Hafi sóknaraðili aðeins verið búinn að eiga hjólíð í tæpa átta mánuði þegar skjár þess hætti að virka með þeim afleiðingum að það hafi verið ónothæft. Telur sóknaraðili að það sé ekki í samræmi við eðlilega endingu á rafhlaupahjólí í þessum verðflokk. Þá telur sóknaraðili að hjól sem verði fyrir vatnsskemmdum á svo stuttum tíma henti ekki þeim tilgangi sem sambærilegum hjólum er ætlað, þ.e. að nota utandyra til þess að komast á milli staða. Þá hafi sóknaraðili fest kaup á sérstakri vatnsvörn frá varnaraðila til þess að vernda hjólíð betur fyrir útiveru en sóknaraðila þyki ljóst að hvorki rafhlaupahjólíð né vatnsvörnin svari til þeirra upplýsinga sem varnaraðili hafi gefið upp við kaupin skv. b. og c. lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Sóknaraðili vísar til þess að mikilvægt sé að skjár rafhlaupahjólsins virki með eðlilegum hætti til að hjólíð sé nothæft. Því sé um verulegan galla að ræða skv. 32. gr. laga nr. 48/2003. Þá liggur fyrir að varnaraðili hafi ekki boðið úrbætur í samræmi við 30. gr. laganna enda hafi sóknaraðili beðið í fimm mánuði eftir nýjum varahlut sem hann hafi síðan átt að greiða fyrir. Krefst sóknaraðili því riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðs.

Varnaraðili vísar til þess að þegar sóknaraðili hafi fært rafhlaupahjól sitt til skoðunar hjá varnaraðila hafi komið í ljós að það hafði orðið fyrir vatnsskemmdum auk þess sem sýnilegar skemmdir hafi verið á skjá þess. Hafi sóknaraðili notað hjólíð allan veturinn og því séð töluvert á því. Þá hafi sóknaraðili sett nagladekk undir hjólíð sem bendi til þess að það hafi verið notað í krefjandi veðuraðstæðum. Varnaraðili bendir á að skjárinn, sem sé hluti af stjórnkerfi hjólsins, hafi orðið fyrir greinilegu höggi og hafi hann verið brotinn í tvennt. Varnaraðili telji augljóst að sóknaraðili hafi límt skjáinn saman líkt og ráða megi af framlagðri ljósmynd af skjánum. Ábyrgð framleiðanda nái hvorki til vatnsskemmda né ytri skemmda vegna áfalls eða höggs á ábyrgðartímanum. Hér sé ekki um framleiðslugalla að ræða heldur megi rekja tjónið til notkunar sóknaraðila sjálfs.

Varnaraðili kveðst áréttta að framleiðandi rafhlaupahjólsins hafi ekki hætt framleiðslu á þessari gerð hjóla en hafi gert tilteknar breytingar á búnaði þeirra. Það sé ekki óalgengt í framleiðslu á rafhlaupahjólum sem og öðrum tæknibúnaði. Þá vísar varnaraðili til þess að ýmsar ástæður geta verið fyrir því að langur afgreiðslutími sé á afhendingu varahlutar, líkt og að varahlutur sé ekki til á lager hjá framleiðanda eða að seljandi þurfi að safna saman pöntunum til að uppfylla lágmarksfjölda varahluta í hverri sendingu. Geti framangreint haft áhrif á afhendingartíma varahlutar. Varnaraðili kveðst hafa reynt að koma til móts við sóknaraðila með því að bjóða honum varahlut sem hugsanlega hafi getað leyst vandamálið. Hafi sá varahlutur komið frá framleiðanda hjólsins og verið fullkomlega samhæfður við hjólíð. Hafi sóknaraðili hins vegar hafnað úrbótum og krafist endurgreiðslu kaupverðs. Telur varnaraðili að ekki sé lagagrundvöllur fyrir

endurgreiðslu enda megi rekja skemmdirnar á hjólinu til notkunar sóknaraðila á því en ekki framleiðslugalla.

#### IV

##### Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Samkvæmt a. lið 2. mgr. ákvæðisins skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir svo að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um tímamark við mat á galla, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrði fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

#### V

##### Niðurstaða

Sóknaraðili keypti rafhlaupahjól af gerðinni [...] ásamt aukahlutum af varnaraðila þann 31. október 2023 fyrir 219.855 krónur. Bilaði skjár hjólsins í júní 2024. Greinir aðila á um orsök bilunarinnar en sóknaraðili telur að hjólið hafi verið haldið verulegum galla við kaupin sem varnaraðili beri ábyrgð á og krefst því riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðs. Varnaraðili byggir á því bilunina megi rekja til notkunar sóknaraðila sjálfs á hjólinu og hafnar endurgreiðslu. Varnaraðili hefur lagt fram mynd af skjá hjólsins því til stuðnings.

Um sölu varnaraðila á rafhlaupahjólinu til sóknaraðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ákvæði laganna byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber seljandi ábyrgð á göllum gagnvart neytandanum. Varnaraðili var viðsemjandi sóknaraðila og þar af leiðandi seljandi í þeim viðskiptum sem málið varðar, en ekki framleiðandi hjólsins. Úrlausn málsins fer fram á grundvelli ákvæða neytendakaupalaganna en ekki ábyrgðarskilmála framleiðanda umfram kröfu laganna, enda er samkvæmt 1. mgr. 3. gr. óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna.

Líkt og að framan greinir kom hin umþrætta bilun upp í júní 2024 eða um átta mánuðum eftir afhendingu sbr. 7. gr. nkpl. Hvíli því á sóknaraðila að sýna fram á að rafhlaupahjólið hafi verið haldið galla við kaupin. Sóknaraðili hefur hins vegar ekki lagt fram nein gögn sem rennt gætu stöðum undir þá fullyrðingu að rafhlaupahjólið hafi verið haldið galla þegar hann festi kaup á því. Þá er ekkert sem liggur fyrir sem staðreynir með skýrum hætti hver orsök bilunarinnar í skjánum er, eða þá að hvaða leyti rekja megi bilunina til galla sem varnaraðili beri ábyrgð á. Loks verður ráðið af framlagðri ljósmynd sóknaraðila af skjánum að sprunga hefur myndast á festingu hans.

Með hliðsjón af framangreindu, sem og að teknu tilliti til málsgagna og atvika allra, er það mat kærunefndarinnar að ekki hafi verið leitt í ljós í málinu að

rafhlaupahjólið hafi verið haldið galla í skilningi nkpl. við afhendingu þess. Samkvæmt því verður að hafna kröfu sóknaraðila.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson